



**KOSTNAÐUR VEGNA
AFREKSÍÞRÓTTASTARFS Á ÍSLANDI**

SKÝRSLA VINNUHÓPS

2015

Í vinnuteyminu sátu:

Friðrik Einarsson

Gunnlaugur Júlíusson

Örn Andrésson

Andri Stefánsson, starfsmaður ÍSÍ

Yfirlstur: Líney R. Halldórsdóttir og Halla Kjartansdóttir

Myndir: K. Magnússon

Unnið af Andra Stefánssyni, sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Lokaskýrsla lögð fram þann 2. október 2015



Útdráttur

| | |
|-------------------|--|
| <i>Markmið</i> | Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþrótta. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluástandum íþróttamannsins, og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. |
| <i>Styrkir</i> | Afrekssjóður ÍSÍ veitir afreksstyrki til sérsambanda vegna verkefna og íþróttamanna og eru þeir styrkir fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni, sem og þátttöku í keppni á erlendum vettvangi. Mismunandi umhverfi er til staðar hjá öðrum norrænum ríkjum og nálægum evrópuþjóðum, s.s. frí þátttaka í landsliðsverkefnum, skólastyrkir, aukinn sveigjanleiki varðandi kröfur vegna námslána sem og aðgengi að sérstökum íbúðum, æfingabúðum og mótuneyti án kostnaðar eða á niðurgreiddu verði. Þá er víða umfangsmikið aðgengi að fagteymisaðilum (læknum, sjúkraþjálfurum, næringarfræðingum, sálfræðingum, o.fl.) sem eru starfandi á vegum íþróttahreyfingarinnar, öflug rannsóknarvinna á vegum háskóla sem snýr að tæknilegum þáttum íþróttanna jafnt sem samfélagslegum þáttum, og svona mætti lengi telja. |
| <i>Umhverfi</i> | Hver afreksíþróttamaður býr við ólíkt umhverfi. Sumir búa enn hjá foreldrum, aðrir leigja íbúðir og örfáir búa í eigin húsnæði. Margir þeirra eru í námi, sumir vinna einnig samhliða námi og enn aðrir eru í hluta-eða fullu starfi samhliða miklum æfingum. Ef að nokkrir íþróttamenn eru skoðaðir, s.s. úr frjálsíþróttum og sundi, og þeirra áætlun í nokkur ár sést að með betri árangri og fleiri árum meðal þeirra bestu þá hækka útgjaldaliðir og um leið vex þörfin fyrir að bæta og efla þá umgjörð sem þarf að vera til staðar til þess eins að íþróttamaðurinn nái bættum árangri eða að halda sinni stöðu á heimslista. |
| <i>Umgjörð</i> | Umgjörð afreksíþróttastarfsins liggur þó að mestu hjá sérsamböndum ÍSÍ. Þannig er þátttaka í stærstu verkefnum kostuð af sérsamböndunum sem stundum njóta styrkja frá alþjóðasérsamböndum vegna þessa. Nokkur sérsambönd hafa fest þá upphæð sem íþróttafólkið greiðir vegna þátttöku og mismunurinn er þá greiddur af sérsambandinu. Allflest samböndin hafa þó ekki fjármagn til að standa straum af þessum kostnaði og fellur hann því á þátttakendur. Þátttakendur þurfa því að safna fyrir þeim kostnaði með fjáröflun eða afla styrkja vegna þessa. Oftast eru það heimilin í landinu, foreldrar íþróttamanna sem bera þennan kostnað. |
| <i>Önnur lönd</i> | Í löndunum í kringum okkur eru mörg ólík dæmi um stuðning við afreksíþróttir. Nánast undantekningarlaust eru styrkir veittir til sérsambanda sem hafa umsjón með verkefnum og íþróttafólkinu. Þannig eru afburða afreksmenn að taka þátt í verkefnum sérsambanda án þess að þurfa að bera kostnað. Öll umgjörð afreksstarfsins gagnvart fremstu íþróttamönnum viðkomandi þjóðar eru því fjármögðuð af íþróttahreyfingunni, s.s. með opinberum fjárframlögum, og þeir styrkir sem íþróttamaður aflar eru þá fyrst fremst vegna framfærslu og til að koma í stað launa eða annarra tekna. Þannig er verið að gera íþróttamanni kleyft að sinna íþróttinni að fullu og jafnframt hafa tekjur til framfærslu samhliða sinni iðkun. Vissulega eru aðrar þjóðir fjölmennari og hafa úr meira fjármagni að spila fyrir sitt starf, enda umgjörðin viðameiri hvað varðar mótahald og útbreiðslu. Oftar en ekki eru þeir þættir sem snúa að afreksstarfinu sambærilegir og íslenskt afreksstarf þarf á að halda svipaðri umgjörð og til er hjá öðrum þjóðum, ef sömu kröfur eru gerðar varðandi árangur. |
| <i>Þörf</i> | Til að átta sig enn betur á fjármagnsþörf vegna afreksstarfs má telja að til að standa nærri þjóðunum í kringum okkur sé þörf á að veitt sé árlega til afreksstarfs um 650 m.kr. miðað við árið 2015. Þetta er þannig áætluð fjárþörf til að færa afreksstarf á Íslandi í átt að því sem að gerist í nágrannalöndum okkar. Þörf er á að gera allt að fjögurra ára samning við sérsambönd og færa afreksstarfið inn á nýjar brautir þar sem aðilar geta séð lengra fram í tímann, nýtt mannskap og hverja krónu enn betur. Til að setja upp raunhæfa áætlun má hugsa sér að stefnt sé að því ÍSÍ hafi um 650 m.kr. til ráðstöfunar í afreksstarf eftir ríflega eina ólympíuöðu, þ.e. fyrir Ólympíuleikana í Tókíó 2020. Raunþörf á þeim tíma er eflaust hærri vegna verðlagsbreytinga og aukins umfangs hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði rúmlega 120 m.kr. í upphafi ársins 2015 og má gera ráð fyrir að heildarúthlutun ársins verði nærri 130 m.kr., sem er sögulega hæsta úthlutun sjóðsins. Með hækkuðum upp í 650 m. kr., sem er um 500 m.kr. hækkuð miðað við núverandi framlög til afreksíþrótta, væri farið nærri því að ná áætlaðri þörf og jafnframt væri hægt að uppfylla þær áherslur sem settar eru fram hér í skýrslunni. |

Inngangur

Í Afreksstefnu ÍSí sem samþykkt var á Íþróttapingi ÍSí árið 2000 af fulltrúum allra sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar á Íslandi segir:

Sameiginleg markmið íþróttahreyfingarinnar:

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþrótta. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins, og auka íslenska þjálfunarkunnáttu.

Unnið hefur verið að þessu markmiði í langan tíma og má segja að allt starf ÍSí í tengslum við afreksíþróttir taki mið af þessu sameiginlega markmiði. Þannig er eitt af viðfangsefnum stefnunnar að veita afreksíþróttafólki og flokkum fjárhagslegan stuðning og til þess er starfræktur Afrekssjóður ÍSí sem fjármagnaður er af framlagi ríkisvaldsins á fjárlögum Alþingis hvert ár og af hlutfalli af tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá.

Mikilvægt atriði í afreksíþróttastarfinu eru þeir þættir sem snúa að íþróttamanninum sjálfum og framfærsluáðstæðum hans, eða svokölluð lýðréttindi afreksíþróttamanna. Kjör afreksíþróttamanna á Íslandi eru í mörgu langt á eftir nágrannaþjóðum og í því samhengi hefur Lárus L. Blöndal, forseti ÍSí, lagt mikla áherslu á að þessi þáttur sé skoðaður nánar. Til þessa var settur á fót vinnuhópur til að safna saman upplýsingum og greina þann kostnað sem tilheyrir umhverfi íþróttamanna, sérsambanda, verkefna og liða. Þessi skýrsla er afrakstur þeirrar vinnu, en m.a. voru skoðuð gögn sem til eru í skjalasafni Afrekssjóðs ÍSí, ársskýrslur sérsambanda ÍSí sem og útgefin gögn frá íþróttasamtökum í löndunum í kringum okkur.

Í reglugerð um Afrekssjóð ÍSí segir:

5.7 Tilgangur fjárhagsstuðnings – fjárhagsleg atriði

Styrkir Afrekssjóðs ÍSí eru fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni, sem og þátttöku í keppni á erlendum vettvangi. Þannig styrkir sjóðurinn verkefni sem snúa beint að viðkomandi íþróttamanni, s.s. til að stunda æfingar og keppni umfram það sem hann annars mundi gera. Einungis umsóknir sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí vegna þeirra íþróttamanna sem stunda íþrótt sína með áframhaldandi keppni eða afrek fyrir augum geta fengið styrki úr sjóðnum. Styrkveitingin er því ekki verðlaun fyrir unnin afrek, þótt þau séu lögð til grundvallar, heldur aðstoð og hvatning til frekari afreka og áframhaldandi keppni.

Enn fremur er heimilt að styrkja verkefni, sem beinlínis er hrundið af stað í skipulagðri leit að hæfileikaríku og framúrskarandi efnilegu íþróttafólki, í samræmi við áherslur í afreksstefnum sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí.

Í dag eru styrkir Afrekssjóðs ÍSí ekki hugsaðir til að mæta framfærslutengdum kostnað einstaklinga eða öðrum þeim tekjum sem einstaklingar þurfa að afla sér til að standa straum af daglegum kostnaði, s.s. fæði, húsnæði og öðrum neyslukostnaði. Styrkirnir eru fyrst og fremst hugsaðir til að koma til móts við þann gríðarlega kostnað sem fylgir því að vera í afreksíþróttum og þurfa að taka þátt í fjölmörgum erlendum verkefnum á hverjum ári. Á það bæði við einstaklingsverkefni sem og landsliðsverkefni á vegum sérsambanda ÍSí, en hjá nánast öllum sérsamböndum ÍSí greiða afreksíþróttamenn sjálfir þann kostnað sem er við landsliðsverkefni.



Aðstæður afreksíþróttafólks í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við, eru mismunandi. Til að tiltaka nokkra þætti þá má nefna þátttaka í landsliðsverkefnum er íþróttafólkinu að kostnaðarlausu, skólastyrkir, aukinn sveigjanleiki varðandi kröfur vegna námslána, aðgengi að sérstökum íbúðum og æfingabúðum án kostnaðar eða á niðurgreiddu verði sem og aðgengi að mötuneytum án kostnaðar eða á niðurgreiddu verði. Þá er umfangsmikið aðgengi að fagteymisaðilum (læknum, sjúkrahjálfurum, næringarfræðingum, sálfræðingum, o.fl.) sem eru starfandi á vegum íþróttahreyfingarinnar, öflug rannsóknarvinna á vegum háskóla sem snýr að tæknilegum þáttum íþróttanna jafnt sem samfélagslegum þáttum, og svona mætti lengi telja.

Sérsambönd í öðrum norrænum ríkjum hafa mörg hver umfangsmeiri starfsemi og þar með meiri starfsmannafjölda heldur en íslensk sérsambönd. Þannig eru sérhæfðir aðilar að vinna eingöngu að afreksíþróttunum, einstaka verkefnum eða með landsliðum og það teymi sem er í kringum landslið eru langtum fjölmennari en íslensk sérsambönd geta boðið upp á. Að vissu leiti er það eðlilegt að umfang þessara sérsambanda sé meira en þeirra íslensku og er fólksfjöldi í þessum löndum næg rök fyrir því. Þegar horft er hins vegar til einstaklinga eða einstakra liða, sbr. karlalandslið í handknattleik eða afreksmanns í sundi eða frjálsíþróttum sem keppir reglulega á stórmótum, setur Norðurlandamet eða nær lágmarki á Ólympíuleika þá ætti að vera hægt að framkvæma samanburð sem ekki er háður tengingu við íbúafjölda þjóðar.

Í þessari samanburðarskýrslu um kostnað íþróttamanna er ætlunin að gefa innsýn í þær upplýsingum sem liggja fyrir og eru samanburðarhæfar við íslenskar aðstæður.

Að mörgu þarf að hyggja þegar úttekt er gerð á kostnaðarþáttum afreksíþróttastarfs. Kostnaður getur verið misjafn milli ára sökum verkefna og umfangs starfsins, staðsetningu viðburða og þátttökukvóta íslenskra keppenda. Skilgreina þarf hvaða aðila, lið og sérsambönd eiga að taka með í slíka útreikninga og hvaða kostnað á að skilgreina sem hluta af afreksíþróttastarfinu. Velta þarf upp hvort að eingöngu eigi að reikna beinan kostnað við verkefni eða einnig þann undirbúning sem á sér stað löngu áður.

Aðstæður afreksíþrótta í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við, eru mismunandi. Í boði eru ekki eingöngu peningagreiðslur heldur einnig sveigjanleiki í námi

Íþróttamaður nær ekki árangri einn og óstuddur heldur þarf hæfa þjálfara og öflugt stuðningsnet í kringum hann ef að árangur á að nást. Kröfur íþróttanna varðandi þessa þætti hafa aukist gífurlega og má sjá að stærri þjóðir leggja meiri og meiri áherslu á vísindalegan þátt íþróttar, aðstoð fagteymis í kringum íþróttamanninn og sérhæfð þjálfarateymi sem vinna með einstökum íþróttamönnum. Erfitt er að reikna út hvað slík umgjörð kostar þar sem sérsambönd á Íslandi hafa hingað til ekki haft getu til að útvega slíka umgjörð fyrir sitt íþróttafólk. Velta má upp þeirri spurningu hvort slíkur kostnaður sé reiknaður á hvern íþróttamann eða sem hluti af þeirri umgjörð sem sérsambandið býr til og ber kostnað af.

Opinberir styrkir til afreksíþrótta á Íslandi

Ef horft er til eldri gagna og þeirrar vinnu sem íþróttahreyfingin setti í gang fyrir um aldarfjórðungi kemur margt fróðlegt í ljós. Afreksíþróttanefnd, (nefnd sem skipuð var af framkvæmdastjórn ÍSí og falið var það verkefni að kanna forsendur fyrir og móta stefnu í afreksíþróttum), skilaði af sér ítarlegri skýrslu til framkvæmdastjórnar ÍSí þann 21. febrúar 1991.

Í þeirri skýrslu var reiknuð út fjármagnspörf afreksíþróttasjóðs og miðað við forsendur sem lágu fyrir í tveimur tillögum sem voru til umfjöllunar á Alþingi. Tillagan gerði ráð fyrir að 40 afreksíþróttamenn yrðu teknir á launaskrá og launin miðuð við laun háskólakennara. Mánaðarlaun á þeim tíma voru 77.922,- og árslaun þessara 40 afreksíþróttamanna væru þá 37.402.560,- Jafnframt var gert ráð fyrir að ÍSí væri með framlag sem væri tekið af óskiptum lottótekjum og næmi 1/3 af framlagi ríkisins. Sú upphæð var þá reiknuð út sem kr. 12.467.520,- Á þeim tíma var Ólympíunefnd Íslands sjálfstæð eining og gerði áætlun ráð fyrir sama framlagi frá ÓÍ eins og framlagi ÍSí. Heildarframlag til Afreksíþróttasjóðs væri þá 62.337.600,- á ári.


Ef þessar upphæðir eru uppreiknaðar á verðlagi ársins 2014 þá væru mánaðarlaun kr. 211.169,- og framlag ríkisins þá alls kr. 101.360.938,- Framlag ÍSí (ÍSí og ÓÍ var sameinað árið 1997) væri þá kr. 67.573.958,- og alls væri sjóðurinn með tæpar 169 m.kr. til úthlutunar. Ef skoðaðar eru hins vegar launatöflur félags háskólakennara eru grunnlaun frá 1. mars 2014 kr. 270.116,- á mánuði og árslaun 3,2 m.kr. Má því klárlega telja þessar tölur vanáætlaðar miðað við núverandi launataxta og ef miðað er við lægsta taxa í dag ætti heildarframlag ríkisins til sjóðsins að vera tæplega 130 m.kr. og sjóðurinn að hafa nærri 200 m.kr. til úthlutunar.

Tímamótasamningur var gerður við ríkisvaldið árið 1998 og voru fyrstu greiðslur til útborgunar í ársbyrjun 1999. Tvöfaldaðist á þeim tímapunkti það fjármagn sem var til úthlutunar en fyrir þann tíma voru einu tekjur sjóðsins hlutdeild í hagnaði ÍSí af lottó tekjum. Alls var úthlutað rúmum 17 m.kr. það ár og árið 1999 var sú tala rúmar 20 m.kr. Eins og sjá má á fyrri tölum þá var geta sjóðsins til að veita styrki langt fyrir neðan þá þörf sem var áætluð 1991.

Árið 1998 voru t.d. styrkir til FRÍ vegna verkefna Jóns Arnars Magnússonar kr. 1.920.000 og vegna Völu Flosadóttur kr. 960.000. Sundsamband Íslands fékk styrk vegna Arnars Arnarssonar að upphæð kr. 480.000. Þarna var um að ræða nokkra af A, B og C styrkjum sjóðsins, en þar til nýlega voru þessir styrkir í sömu krónutölu og árið 1998, enda hafði sjóðurinn ekki bolmagn til að hækka þessar upphæðir. Þessir þrír einstaklingar náðu frábærum árangri í sínum greinum á þessum árum og voru Ólympíuleikarnir í Sydney árið 2000 þeir leikar sem Íslendingar hafa náð einum besta árangri í einstaklingsgreinum.

Árlegt framlag ríkisins til sjóðsins á árunum 1999-2002 var 10 m.kr. frá ríkinu. Samningur ríkisins við sjóðinn var endurnýjaður 2003-2005 og var framlag ríkisins hækkað í 25 m.kr. á ári og jukust úthlutanir sjóðsins í rúmar 40 m.kr. á ári. Einnig lagði ríkið fram fé í nýjan sjóð sem styrkti verkefni ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Framlag ríkisins til sjóðsins á árunum 2006-2008 var aftur hækkað og þá í 30 m.kr. á ári. Styrkveitingar hækkuðu samhliða því í um 50 m.kr. á ári. Áfram var um 30 m.kr. framlag að ræða á árinu 2009 en í kjölfar fjármálahruns var framlag ríkisins til sjóðsins lækkað árið 2010 í 25,5 m.kr. Það ár ákvað stjórn ÍSí samt að auka úthlutun úr sjóðnum og ganga þannig á höfuðstól sjóðsins enda var þörf sérsambanda mikil í kjölfar fjármálahruns. Þannig var úthlutun ársins hærri en árin á undan eða tæpar 50 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins byggir á stofnframlagi ÍSí, vaxtatekjum og Ólympíusjóði ÍSí sem sameinaður var Afrekssjóði ÍSí árið 2006 og var þannig í raun gengið fjármagn úr þeim sjóði það árið. Á fjárlögum ársins 2011 lækkaði aftur framlag ríkisins niður í 24,7 m.kr. en þrátt fyrir það náðist að halda úthlutun sjóðsins í rúmlega 55 m.kr. með því að ganga á höfuðstól sjóðsins.

Á fjárlögum fyrir Ólympíuárið 2012 var framlag ríkisins á fjárlögum 24,7 m.kr. Sú upphæð hækkaði í 34,7 m.kr. eftir umræður á Alþingi og var það hækkan frá fyrri árum. Þá var samþykkt 15 m.kr. aukastyrkveiting til ÍSí vegna Ólympíuleikanna í London sem var úthlutað í gegnum Afrekssjóð ÍSí. Það má því segja að ákveðið skref hafi verið tekið á því ári varðandi fjármögnun sjóðsins og þannig eflingu afreksstarfs á Íslandi.



Í ofanverðri töflu má sjá framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ í raunupphæð á hverju ári sem og uppreiknaðar upphæðir miðað við vísitölu 2014/2015.

Íþróttastefna ríkisins

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði fram stefnu í íþróttamálum sem gildir fyrir árin 2010 til 2015 og er þar sérstakur kafli um keppnis- og afreksíþróttir. Í þeim kafla er m.a. fjallað um mikilvægi þess að styðja fjárhagslega við Afrekssjóðs ÍSÍ sem og sérsamböndin.

Þar segir m.a.:

- *Stuðningur skólakerfisins við afreksíþróttir verði aukinn og í því samhengi verði íþróttæfingar, keppnir og íþróttafrek metin til námseininga í skólakerfinu.*
- *Veitt verði peningaverðlaun fyrir árangur á heimsmeikvarða, líkt og þekkist hjá öðrum Evrópuþjóðum.*
- *Stutt verði fjárhagslega við Afrekssjóð ÍSÍ og umfang hans aukið í takt við verðlagsþróun og kostnað við afreksíþróttastarf sérsambanda og ÍSÍ.*
- *Sérsamböndin verði studd áfram fjárhagslega af ríkinu.*
- *Sérsamböndum verði gert fjárhagslega auðveldara að halda úti landsliðum og taka þátt í alþjóðastarfi sem fulltrúar Íslands.*



Núverandi fyrirkomulag

Á fjárlögum ríkisins fyrir árið 2015 voru 70 m.kr. veittar til ÍSí vegna Afrekssjóðs ÍSí. Áætlað er að til viðbótar komi rúmlega 35 m.kr. í gegnum hlutdeild af tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá (Lottó) og að heildartekjur sjóðsins verði því yfir 100 m.kr. á árinu 2015. Úthlutun Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2015 er áætluð um 120 m.kr. og hefur aldrei verið hærra en með henni er gengið á eigið fé sjóðsins.

Þess má einnig geta að síðla árs 2013 ákvað ríkisstjórn Íslands að úthluta sérstökum styrk vegna Anítu Hinriksdóttur að upphæði 2 m.kr. á ári í fjögur ár, 2013 til 2016. Var sá styrkur veittur í kjölfar heimsmeistaratitils hennar í flokki unglunga í 800m hlaupi til að gera henni kleift að undirbúa sig fyrir frekari afrek. Styrkurinn var veittur til Afrekssjóðs ÍSí og bættist hann við aðra styrki sem veittir voru til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna verkefna Anítu. Ljóst er að með slíkum styrk gefast tækifæri til að skapa betri umgjörð fyrir afreksmanninn og fara styrkir til Anítu frá Afrekssjóði samtals langt með að standa undir íþróttalegum kostnaði. Þessir styrkir veita henni þó enga framfærslu eða lýðréttindi.



Kostnaður einstaklinga

Hver afreksíþróttamaður býr við ólíkt umhverfi. Sumir búa enn hjá foreldrum, aðrir leigja íbúðir og örfáir búa í eigin húsnæði. Margir þeirra eru í námi, sumir vinna einnig samhliða námi og enn aðrir eru í hluta- eða fullu starfi samhliða miklum æfingum.

Íþróttagreinarnar eru líka misjafnar hvað varðar kröfur og í kraftagreinum, s.s. kastgreinum frjálsíþrótt og kraftlyftingum þurfa íþróttamenn að innbyrða meira magn matar en í mörgum öðrum greinum. Dagleg útgjöld til þess þáttar er því meiri en í öðrum greinum. Eins eru kröfur varðandi keppnisbúnað meiri í ákveðnum greinum og kostnaður vegna hans því mun hærri.

Þá má hafa í huga aldur einstaklinga, fjölskyldustærð og búsetu. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á kostnað íþróttamanna.

Hér á eftir eru nokkur dæmi um kostnað íslenskra íþróttamanna. Rétt er að hafa í huga að sá íþróttalegi kostnaður sem þar kemur fram stenst engan samjöfnuð við það sem íþróttamönnum nágrannaþjóða okkar er boðið upp á. Í þessum dæmum er stuðst við tölur úr umsóknum og uppgjörum vegna styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ sem og viðmið frá opinberum aðilum varðandi framfærslu.

#1

Frjálsíþróttamaður í fremstu röð í heiminum þarf að taka þátt í fjölmörgum alþjóðlegum mótum, sækja æfingabúðir og vera undir leiðsögn hæfra þjálfara. Íþróttalegur kostnaður 2014 var áætlaður 3 til 6 m.kr. eftir einstaklingum. Til viðbótar er framfærslukostnaður á bilinu 1,6 til 3,1 m.kr. miðað við framfærsluviðmið.

Rauntölur í uppgjöri fyrir þessa einstaklinga sýnir íþróttalegan kostnað á bilinu 3 til 4,7 m.kr. og heildarkostnað með framfærslu á bilinu 6 til 9,9 m.kr. Er þetta lágmarkstölur því að það má gera ráð fyrir að með auknu fjárhagslegu svigrúmi væru þessir aðilar að nýta sér enn meiri fagþjónustu, væru með fleiri þjálfara á æfingum og í keppni og væru að velja kostnaðarsamari möguleika varðandi æfingabúðir og verkefni.

#2

Sundmenn í fremstu röð sem hafa náð lágmarkum á stórmót og keppt á mörgum slíkum eru með íþróttalegan kostnað á bilinu 2 til 3 m.kr. Framfærsla er áætluð um 1,6 m.kr. hjá flestum þeirra samkvæmt viðmiðum.

Í uppgjörum er íþróttalegur kostnaður á bilinu 2 til 3,3 m.kr. en ekki eru til nákvæmar tölur um framfærslukostnað. Miðað við áætlun má telja að sundmaður kosti um 5 til 6 m.kr. á ári að lágmarki. Líkt og með dæmið hér að ofan má telja líklegt að aukið fjárhagslegt svigrúmi gæfi möguleika á meira umfangi í tengslum við þjálfun, fagteymi og verkefni.

#3

Í öðrum greinum eins og skotíþróttum, badminton og júdó er nauðsynlegt að sækja fjölmörg mót erlendis sem gefa stig á heimslista og/eða þátttökurétt á stórmót. Íþróttalegur kostnaður í áætlunum fyrir 2014 er frá 1,5 m.kr. og upp í 8,5 m.kr. Við þann kostnað bætist framfærsla og er ljóst að um leið og sá kostnaður hækkar draga íþróttamenn úr áætlðu umfangi íþróttalega kostnaðarins, þar sem ekki er hægt að fjármagna allt. Því nær sem dregur Ólympíuleikum því meiri kostnaður, þar sem þátttaka í mótum eykst til að ná inn nægilegum fjölda stiga á heimslista.

Uppgjör fyrir 2014 sýna íþróttalegan kostnað á bilinu 2,2 til 3,8 m.kr. og þá á eftir að bæta við framfærslu sem er samkvæmt viðmiðum á bilinu 1,6 til 3 m.kr. eftir fjölskylduaðstæðum. Heildarkostnaður er því á bilinu 3,8 – 6,8 m.kr. að lágmarki. Erlendir íþróttamenn sem hafa meira fjárhagslegt svigrúm geta sótt fleiri mót og ferðast á staði sem gefa „auðveldari“ stig á heimslista eða þar sem líkurnar á velgengni í mótinu eru meiri.



#4

Í alpagreinum skíðaíþróttum má sjá áætlanir á bilinu 2,5 til 5,5 m.kr. vegna íþróttalegs kostnaðar. Í þessari íþróttgrein er mikið um ferðalög með mikinn búnað þar sem verið er að sækja mót þar sem aðstæður eru nægilega góðar fyrir keppni. Búnaðurinn einn og sér í þessari íþrótt kostar töluverða fjármuni og því er heildarkostnaður með framfærslu allt að 7,5 m.kr.

Uppgjör sýna að íþróttalegur kostnaður er á þessu bili 2,5 til 5,5 m.kr og heildarkostnaður fer upp í 6,7 m.kr. þar sem hann er hæstur. Eru þau dæmi miðuð við rauntölur íslenskra íþróttamanna en vitað er að það eitt að vera í verkefni með landsliðum hjá hinum Norðurlöndunum kostar tvöfalda þessa upphæð. Þar eru líka fleiri aðilar í kringum liðið, enda þau flest í fremstu röð í heiminum. Reikna má með sambærilegum kostnaði vegna framfærslu og er í öðrum íþróttgreinum.

#5

Afreksiíþróttamenn (óháð íþróttgreinum) sem hafa komið sér upp fjölskyldu og eiga börn, en stunda enn íþróttir með árangri á heimsmælikvarða geta verið með íþróttalegan kostnað í kringum 2 m.kr. og framfærslukostnað í kringum 4 til 5 m.kr. Heildarkostnaður er því á bilinu 6 – 7 m.kr. hjá þessum aðilum, að lágmarki. Þessi hópur hefur ekki alltaf tækifæri á að dvelja í lengri tíma erlendis eða fara í öll þau verkefni sem þörf er á, vegna skuldbindinga gagnvart fjölskyldu og heimili.



Dæmi um kostnað afreksíþróttamanna á venjulegu ári, sbr. útskýringar hér á undan:

| | Frjálsíþróttir | Sund | Ýmsar greinar | Skíðaíþróttir | Afreksíþróttafólk með fjölsk. |
|------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|-------------------------------|
| Íþróttalegur kostnaður | 3 – 6 m.kr. | 2 – 3 m.kr. | 2,2 – 3,8 m.kr. | 2,5 – 5,5 m.kr. | 2 m.kr. |
| Framfærslukostnaður | 1,6 – 3,1 m.kr. | 1,6 m.kr. | 1,6 – 3 m.kr. | 1,6 – 3 m.kr. | 4 – 5 m.kr. |
| Samtals | 4,6 – 9,1 m.kr. | 3,6 – 4,6 m.kr. | 3,8 – 6,8 m.kr. | 4,1 – 8,5 m.kr. | 6 – 7 m.kr. |

Ef rauntölur fyrir nokkra íþróttamenn eru skoðaðar, s.s. íþróttamenn úr frjálsíþróttum og sundi, og þeirra áætlun í nokkur ár sést að með betri árangri og fleiri árum meðal þeirra bestu þá hækka útgjaldaliðir og um leið verður sú umgjörð dýrari sem þarf að vera til staðar til þess eins að íþróttamaðurinn nái bættum árangri eða að halda sinni stöðu á heimslista. Hér eru þrjú dæmi, þ.e. íþróttamaður X, Y og Z og þeirra áætlanir 2011, 2013 og 2015. Með tímanum læra sérsambönd og íþróttamenn að halda betur utan um þann kostnað sem fellur til vegna íþróttaiðkunar og má sjá mun á tölum frá ári til árs, allt eftir getustigi íþróttamanna og umhverfi þeirra (þ.m.t. búsetu og alþjóðlegri íþróttapátttöku).

Hér er tekið dæmi um eitt ár hjá Z, tvö ár hjá Y og 3 ár hjá íþróttamanni X:

| | X - 2015 | X - 2013 | X - 2011 | Y - 2015 | Y - 2013 | Z - 2015 |
|------------------|-------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Dagleg þjálfun | 3.195.000 | 2.760.000 | 1.120.000 | 690.000 | 615.400 | 2.800.000 |
| Æfingabúðir | 850.000 | 1.700.000 | 1.500.000 | 800.000 | 500.000 | 2.000.000 |
| Keppni/mót | 1.700.000 | 2.350.000 | 800.000 | 1.710.000 | 1.250.000 | 1.150.000 |
| Annað | 85.000 | 25.000 | 450.000 | 0 | 200.000 | 200.000 |
| Framfærsla o.fl. | 4.398.000 | 3.120.000 | 0 | 220.000 | 540.000 | 2.000.000 |
| | 10.228.000 | 9.955.000 | 3.870.000 | 3.420.000 | 3.105.400 | 8.150.000 |

Það má til viðbótar nefna fleiri kostnaðarþætti sem fylgja afreksíþróttamanni. Ferðir til og frá æfingum (jafnvel utan almenningsgangna) þar sem foreldrar eru að keyra viðkomandi á æfingar er einn kostnaðarliður sem getur orðið umtalsverður. Það gerist líka að sumar fjölskyldur eiga marga afreksmenn eða afreksefni og takmörk eru fyrir því hversu mikið fjölskyldur geta styrkt eða greitt fyrir afreksstarfið. Það að eiga nokkur börn sem komast í unglíngalandsliðsverkefni sérsambanda getur breyst frá því að vera taumlaus gleði í að verða að martröð vegna kostnaðar, þar sem oft er ekki eru þessir aðilar að greiða allan kostnað vegna ferða og þátttöku.



Kostnaður sérsambanda

Umgjörð afreksíþróttastarfsins liggur að mestu hjá sérsamböndum ÍSí. Þannig er þátttaka í stærstu verkefnunum kostuð af sérsamböndunum sem stundum njóta styrkja frá alþjóðasérsamböndum vegna þessa. Nokkur sérsambönd hafa fest þá upphæð sem íþróttafólkið greiðir vegna þátttöku og mismunurinn er þá greiddur af sérsambandinu. Allflest samböndin hafa þó ekki fjármagn til að standa straum af þessum kostnaði og fellur hann því á þátttakendur. Þátttakendur þurfa því að safna fyrir þeim kostnaði með fjáröflun eða afla styrkja vegna þessa. Oftast eru það heimilin í landinu, foreldrar íþróttamanna sem bera þennan kostnað.

Í flestum tilfellum eru sérsambönd það veik að afreksstarfið snýst meira um tiltekinn/tiltekna afreksmenn frekar en að byggja upp afreksstig íþróttagreinarnar. Þegar afreksmaður hættir íþróttaiðkun þá vantar oft þá sem eiga að taka við, þ.e. að næsta kynslóð sé reiðubúin til afreka og hafi fengið þá reynslu sem til þarf.

Samkeppnisþjóðir okkar vinna afreksstarf í samfellu þar sem unnið er markvisst í nýliðun, hæfileikamótun og greiningu á hæfileikafólki, hækkun á þjálfarastigi og unnið er markvisst að því að efla umgjörðina um afreksstarfið. Á Íslandi eru sérsamböndin of fjárhagslega veik og hafa ekki getað unnið með þessum hætti.

Þá gildir að taka þátt í því sem nauðsynlegt þykir og reyna að skera niður kostnaðarliði, dvelja eingöngu

Þátttakendur hafa oft möguleika á að safna fyrir kostnaði við þátttöku í landsliðsverkefnum með fjáröflun eða njóta annarra styrkja vegna þessa. Oftast eru það þó heimilin í landinu, foreldrar íþróttamanna sem bera þennan kostnað.



erlendis í lágmarkstíma fyrir mót og senda eins fáa með hópum og hægt er. Íslenskir íþróttamenn ná því ekki að undirbúa sig eins vel á keppnisstöðum og keppendur annarra þjóða eða njóta sama stuðnings og aðrir keppendur á meðan á keppni stendur.

Tryggingamál iðkenda og keppenda í landsliðsverkefnum er einnig atriði sem þarf að hafa í huga. Það hefur gerst að íþróttamenn hafa meiðst í verkefnum á vegum landsliða og verið frá keppni með sínu félagsliði. Þegar um atvinnumenn er að ræða getur slíkt orðið dýrt og ekki geta öll sérsambönd staðið undir því að vera með alla keppendur tryggð í verkefnum. Það hefur einnig gerst að leikmenn hafa ekki gefið kost á sér í landsliðsverkefni vegna tryggingamála, s.s. þegar leikmenn hafa verið á milli félaga og verið ótryggðir. Sérsambönd þurfa að geta borið ábyrgð á sínum iðkendum og tryggt þeirra umhverfi í verkefnum á vegum sérsambands.

Grunnkostnaður

Óháð fjöldi íþróttamanna og verkefnum er á hreinu að hvert sérsamband hefur ákveðinn grunnkostnað vegna afreksíþróttastarfsins. Öll sérsambönd senda keppendur á einhver alþjóðleg mót, undirbúa hópinn sem fer með skipulögðum æfingum og eru í stöðugu sambandi við félögin og íþróttafólkið með það að markmiði að bæta enn frekar getu keppenda.

Í ársreikningum sérsambanda er þessi kostnaður sundurliðaður og hér á eftir eru dæmi um umfang hans sem og hver stuðningur Afrekssjóðs ÍSÍ er vegna þessara verkefna á árinu 2014. Hér að neðan eru tölur fengnar úr skilgreinum sérsambanda til Afrekssjóðs ÍSÍ. Það má þó áætla að hluta af hinum daglega rekstrarkostnaði sérsambanda mætti jafnframt færa sem kostnað vegna afreksstarfsins, þótt að það sé í fæstum tilfellum gert. Eins er ljóst að íslensk sérsambönd hafa lítið fjármagn til að nýta í verkefni og því er sparað á flestum stöðum og stakkur sniðinn eftir vexti hvað varðar þátttöku í verkefnum. Ekki eru hér taldir upp styrkir sem eru merktir ákveðnum íþróttamönnum heldur það sem skilgreint er í umsýslu sérsambands og þau verkefni sem sérsamband er með skilgreind sem landsliðsverkefni.

| | Áætlun 2014 | Raun 2014 | Afrekssjóður ÍSÍ 2014 |
|---|-------------|------------|-----------------------|
| Karllandslið Íslands í handknattleik: | 64.493.100 | 77.981.245 | 14.000.000 |
| Kvennlandslið Íslands í knattspyrnu: | 91.140.000 | 91.559.380 | 5.000.000 |
| Landsliðsverkefni í frjálsíþróttum: | 17.020.000 | 19.049.697 | 2.250.000 |
| Landsliðsverkefni í sundi: | 12.582.000 | 4.297.637 | 2.500.000 |
| Landsliðsverkefni alpagreina skíðaíþróttar: | 22.900.000 | 26.668.108 | 4.000.000 |

Hér að ofan má sjá að raunkostnaður í uppgjörum er oft hærri en áætlanir gefa til kynna. Ræðst það oft af kostnaði við ferðalög erlendis, s.s. verði á flugmiðum þar sem oft hafa verð hækkað þegar ljóst er hverjir munu keppa á viðkomandi viðburði. Eins eru áætlanir oft skornar niður ef ekki tekst að fjármagna verkefni, og/eða kostnaður fer ekki alltaf í gegnum reikninga sérsambanda heldur greiða íþróttamenn sjálfir fyrir verkefni (þótt þau séu sannarlega á forræði sérsambandsins). Er slík ástæða eflaust raunin gagnvart Sundsambandi Íslands á árinu 2014, sbr. töfluna hér að ofan.

Auk þessa veitti Afrekssjóður ÍSÍ styrki á árinu 2014 til fræðslu- og fagteymismála og styrkti tilraunaverkefni með FRÍ og SSÍ vegna verkefnastjóra afreksíþróttar hjá þessum samböndum. HSÍ hlaut einnig styrk frá Ólympíusamhjálpinni vegna A landsliðs karla, SKÍ hlaut styrk vegna fimm íþróttamanna og undirbúnings þeirra fyrir Vetrarólympíuleikana í Sochi og fimm önnur sérsambönd, m.a. SSÍ og FRÍ, hlutu styrki vegna íþróttamanna og undirbúnings þeirra fyrir Sumarólympíuleika í Ríó 2016.

Kostnaður ÍSÍ

Á sama hátt ber Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands mikinn kostnað við þátttöku í ólympískum verkefnum og að halda utan um málaflokk afreksíþróttá gagnvart íþróttahreyfingunni í heild sinni.

Á árinu 2013 nam kostnaður vegna ólympískra verkefna um 45 m.kr. og á árinu 2014 var kostnaðurinn rúmar 13 m.kr. samkvæmt ársreikningum ÍSÍ. Er um að ræða nettó kostnað vegna þessara verkefna. Þá er ótalinn kostnaður vegna starfsmanna málaflokksins en áætla má að kostnaður vegna þessara ólympísku verkefna sé á fjögurra ára tímabili (einni Ólympíuöðu) um 150 m.kr.

Stór hluti af þessum kostnaði er kostnaður sem tengist þátttöku sérsambanda eða íþróttamanna á þeirra vegum í ólympískum verkefnum ÍSÍ. Mætti í raun færa hluta þess kostnaðar sem óbeina styrki til sérsambanda.

Rétt er að taka fram að í dag er misjafnt hvernig kostnaðarþátttaka er í ólympískum verkefnum. Á Ólympíuleikum, Ólympíuleikum ungmenna og Evrópuleikum er allur kostnaður við þátttöku greiddur af ÍSÍ. Vegna Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar er kostnaði skipt jafnt á milli sérsambanda sem taka þátt og ÍSÍ. Vegna Smáþjóðaleika hafa sérsambönd greitt sem nemur þriðjungi af kostnaði eða um 100 þúsund á hvern þátttakanda.





Alþjóðlegur samanburður

Í löndunum í kringum okkur eru mörg ólík dæmi um stuðning við afreksíþróttir. Nánast undantekningarlaust eru styrkir veittir til sérsambanda sem hafa umsjón með verkefnum og íþróttafólkinu. Þannig eru afburða afreksmenn að taka þátt í verkefnum sérsambanda án þess að þurfa að bera kostnað. Öll umgjörð afreksstarfsins gagnvart fremstu íþróttamönnum viðkomandi þjóðar eru því fjármöggnuð og þeir styrkir sem íþróttamaður aflar eru þá fyrst og fremst vegna framfærslu og til að koma í stað launa eða annarra tekna. Þannig er verið að gera íþróttamanni kleift að sinna íþróttinni 100% og jafnframt hafa tekjur til framfærslu samhliða sinni iðkun.

Lönd eins og Holland veita ekki styrki til íþróttamanna eða sérsambanda nema að fagleg umgjörð viðkomandi sérsambanda sé í lagi. Eins hafa Hollendingar, Danir og Nýja Sjáland fækkað til muna þeim samböndum sem njóta hæstu styrkja. Þar eru aukin áhersla á sérhæfingu og heildarsamtökin styrkja enn meira þau sérsambönd sem skila verðlaunapeningum í hús.

Stuðningurinn er ekki eingöngu í formi fjárhagslegs stuðnings heldur hefur mikil áhersla verið lögð á umgjörð og aðbúnað starfsins. Almenn séð er umgjörð íslenskra keppenda í engum takti við það sem aðrar þjóðir eru með á sambærilegum viðburðum. Þar sem góður árangur hefur náðst á undanförunum misserum tala allir um hversu faglega hefur verið staðið að málum, s.s. í kringum undirbúning, þjónustu fagteymis og skipulag á öllum þáttum. Gott dæmi um þetta eru umgjörð karla- og kvennalandsliða í knattspyrnu, karlalandsliðsins í körfuknattleik, landsliða í handknattleik, hvort heldur A landslið eða nú nýverið U19 ára landslið karla.

Almennt séð er umgjörð íslenskra keppenda í engum takti við það sem aðrar þjóðir eru með á sambærilegum stórvíðburðum.

England

Frjálsíþróttasamband Englands fékk um 10 milljónir breskra punda á árinu 2011 í gegnum UK sport sem fær tekjur sínar í gegnum Lottóið í Englandi. Sú upphæð er nærri 2 milljörðum íslenskra króna. Sambandið hefur fjölmarga heims- og Ólympíumeistara á sinni könnu og eru með flokkun sem raðar íþróttamönnum í fjóra hópa. Ef við skoðum tölur frá 2011 þá fá einstaklingar í A hóp í beina styrki á ári um 5,5 m.kr., í B hóp um 4 m.kr., í C hóp um 3 m.kr. og þeir sem eru í boðsveitum um 2 m.kr. Er sá styrkur þannig að íþróttamaður getur ráðstafað honum sjálfur, hvort heldur á móti framfærslukostnaði eða vegna íþróttalegra þátta. Auk þessa fá þeir sem eru í A og B hópum óbeinan styrk í formi fagþjónustu, ferða og þjálfarakostnað. Nemur hann á ári um 11 m.kr. á hvern einstakling. Þeir sem eru í boðsveitum og í C hóp fá slíka þjónustu að verðmæti 1 m.kr.

Fyrir 2011-2012 voru 8 aðilar í A hóp og 38 í B hóp. Um 40 hafa verið í C hópnum og 3 til 9 í boðsveitahóp. Alls voru útgjöld enska frjálsíþróttasambandsins 300 m.kr. vegna íþróttamanna, sem eru þá styrkir beint til þeirra vegna framfærslu og um 560 m.kr. vegna þjónustu.

Til viðbótar við þessar upphæðir eru fleiri styrkjamöguleikar í boði sem og sérstyrkir vegna árangurs á stórmótum, þ.e. verðlauna.

Þetta eru háar upphæðir og eflaust hærri en á meðalári, enda voru Englendingar gestgjafar Ólympíuleika árið 2012 og var lögð mikil áhersla á undirbúning bestu íþróttamanna Englands.

Ef horft er á aðra þætti sem snúa að enskum frjálsíþróttamönnum og jafnframt öðrum íþróttagreinum þá eru sérsamböndin með samninga sem snúa að þjónustu við íþróttafólkið. Þannig hafa frjálsíþróttamenn aðstöðu til daglegrar búsetu og æfinga í afreksmiðstöð í Loughborough í Englandi.

Þegar þeir fara í keppni eða koma heim þá er þeim séð fyrir akstri, þau hafa aðgang að sérkjörum og þjónustu hjá flugfélögum og sérstakt fyrirtæki sér um að bóka allt slíkt og að koma búnaði og farangri á keppnisstað. Hluti liðsins ferðast á venjulegu farrými en þeir sem íþróttarinnar vegna þurfa meira pláss, eða betri sæti á löngum ferðum fá slíkt í gegnum þetta samstarf. Aukaheimild vegna farangurs er fyrir hendi og það er jafnvel tekin með búnaður eins og háloftatjöld og sjúkrapjálfunarbúnaður til að tryggja að íþróttamenn geti náð sem bestum árangri á viðkomandi móti. Allt er gert til að íþróttamaðurinn geti einbeitt sér að sinni íþrótt en ekki öllum öðrum þáttum sem snúa að ferðalögum og undirbúningi.

Noregur

Olympiatoppen í Noregi er með einstaklingsstyrki sem er 70.000 - 120.000 NOK til afreksmanna og 60.000 NOK til efnilegra. eru þetta lauslega áætlað 1,1 til 2,2 m.kr. Styrkirnir eru háðir tekjum og þannig eru þeir sem hafa árstekjur hærrí en 500.000 NOK með skerðingu á styrk. Að auki er í boði fríkort í líkamsrækt, frí þjónusta fagteymis og frítt fæði þegar æft er í afreksíþróttamiðstöð þeirra og frekari þjónusta. Styrkirnir eru hugsaðir til að koma til móts við aukin útgjöld vegna æfinga, aukins matarkostnaðar, vinnutaps, barnapössunar, kostnað við æfingabúðir og keppni umfram það sem sérsambandið leggur til, fagteymisþjónustu umfram það sem sérsambandið leggur til og aðra þætti sem geta bætt árangur íþróttamanns. Þessi styrkur er undanþeginn skatti, nema hann sé notaður á móti vinnutapi eða til að greiða fyrir barnapössun. Mikil þjónusta er til staðar í æfingamiðstöð þeirra og má segja að fagleg vinna í samvinnu við sérsamböndin sé á mjög háu stigi í Noregi.

32 sérsambönd njóta styrkja vegna íþróttamanna á árinu 2015 og er þeim skipt í A, B, afreksefna og liðastyrki. Til að vera á þessum listum þurfa íþróttamenn að vera með árangur á heimsmælikvarða og eru hátt í 200 manns að njóta einstaklingsstyrkja.

Danmörk

Í Danmörku má segja að möguleikar til að stunda afreksíþróttir samhliða námi séu miklir. Eins eru sveitarfélög skilgreind sem afreksíþróttasveitarfélög og þurfa að styðja á ákveðinn hátt við íþróttirnar. Danmörk er eitt af fáum löndum í heiminum sem hafa sérstök lög um afreksíþróttir.

Nám

Afreksíþróttamenn geta sótt um sérstaka aðstoð í tengslum við nám í framhaldsskólum. Þeir sem uppfylla ákveðin viðmið geta tekið námið á lengri tíma og þannig minnkað álag í námi til að gefa íþróttaiðkun meiri tíma. Allir Danir fá svokallaða SU skólastyrki og eru þeir 2.544 DKR á árinu 2015 á mánuði, eða um 50 þús. kr. á mánuði. Þannig er skólastyrkur um 600 þús. á ári. Þeir íþróttamenn sem lengja námið hjá sér hljóta líka styrk fyrir aukaárið. Styrkir fyrir þá sem búa ekki í foreldrahúsum eru enn hærrí eða 5.903 DKR á mánuði, eða um 115 þús. kr. á mánuði.

Afreksíþróttamiðstöð Danmerkur

Í ágúst 2015 kynntu Danska íþróttasambandið og Team Danmark fyrirætlun sína að koma á fót afreksíþróttamiðstöð í Danmörku. Er þar verið að tala um miðstöð þar sem íþróttafólk og fagaðilar hafa aðsetur, þar sem búsetuskilyrði er til staðar og afreksíþróttafólk getur stundað íþrótt sína og nám án þess að nokkur tími fari til spillis. Þar er verið að setja íþróttamanninn og hans hagsmuni í forgang og móta aðstöðu og þjónustu í kringum afreksíþróttafólkið. Helstu röksemdir danskra aðila eru þær



að aðrar þjóðir hafa nú þegar slíka aðstöðu og ef Danmörk eigi ekki að dragast aftur úr alþjóðlegu afreksíþróttastarfi þá þurfi slík aðstaða að verða að veruleika.

Team Danmark

28 sérsambönd njóta stuðnings frá Team Danmark en 61 samband er aðili að danska íþróttasambandinu. Team Danmark er fjármagnað að mestu leiti frá danska ríkinu en eins og áður sagði þá eru til sérstök lög um afreksíþróttir í Danmörku en starfsemi Team Danmark byggir á þeim.

Til að átta sig á skilgreiningum í Danmörku er rétt að skoða ramma fyrir afreksstyrki Team Danmark 2013 til 2016. Þar er sérsamböndum skipt í þrjú flokka: „Verdensklasseforbund“ = sérsamband á heimsmælikvarða, „International Eliteforbund“ = sérsamband á alþjóðlegum afrekskvarða og „Projekstøttet forbund“ = verkefnastyrkt sérsamband.

| Samband á heimsmælikvarða | Samband á alþjóðlegum kvarða | Verkefnastyrkt sérsamband |
|--|---|---|
| <p>Er með samning við Team Danmark til fjögurra ára sem byggir á áætlun sem er tengd fjárhagsramma.</p> <p>Er með marga íþróttamenn eða lið sem hafa náð topp átta árangri á HM eða ÓL á árunum 2009-2012.</p> <p>Aðalmarkmið 2013-2016 sem er í leiðinni raunhæft hvað varðar árangur miðast við að ná verðlaunum á HM/ÓL.</p> <p>Er með öfluga hæfileikamótun sem tryggir og þróar reglulega afreksefni til að verða meðal þeirra bestu á alþjóðlegum vettvangi í fullorðinsflokkum.</p> | <p>Er með samning við Team Danmark til tveggja ára sem byggir á áætlun sem er tengd fjárhagsramma. Sambandið þarf að vera með vel mótaða áætlun og mögulegt er að framlengja samninginn um tvö ár.</p> <p>Er með marga íþróttamenn eða lið sem hafa náð góðum úrslitum á HM eða ÓL á árunum 2009-2012, sem gefur raunhæfar væntingar til þess að ná topp átta árangri á þeim tveimur árum sem samningurinn gildir. Fyrir hópíþróttir skiptir máli að keppt sé á hæsta stigi á alþjóðlegum vettvangi á árunum 2013-2016.</p> | <p>Er með samning við Team Danmark til eins árs vegna stuðnings við ákveðin verkefni.</p> <p>Er með íþróttamenn á alþjóðlegum mælikvarða sem hafa raunhæfa möguleika á að ná verðlaunum á alþjóðlegum stórmótum, EM, HM eða ÓL, á árunum 2013-2016. Fyrir hópíþróttir gildir að á árunum 2013-2016 geti liðið tekið þátt í keppni á hæsta stigi á HM/ÓL.</p> <p>Geta hlotið stuðning til að efla mikilvæga þætti í afreksstarfi sambandsins, sem ná út fyrir styrkina til einstaklinga/liða. Forsendur eru að það séu afreksefni til staðar og vilji til að efla afreksstarfið í formi mannauðs og fjárhagslegra miðla.</p> |
| <p>7 sérsambönd</p> <p>Badminton, handknattleikur, hjólreiðar, siglingar, róður, sund, rathlaup.</p> | <p>12 sérsambönd</p> <p>Dans, golf, hestaíþróttir, íshokki, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, keila, mótóríþróttir, kanó og kajak, skotíþróttir, bogfimi, krulla.</p> | <p>9 sérsambönd</p> <p>Akstursíþróttir, borðtennis, tennis, fimleikar, frjálsíþróttir, glíma, skyllingar, þríþraut, vatnaskíði og bretti.</p> |

Á sama hátt er íþróttamönnum skipt niður í flokka og hafa þeir aðgang að þjónustu frá Team Danmark eftir þeirri flokkun. Um þrjú flokka er að ræða:

| | | |
|--|--|-----------------------------------|
| „Verdensklasse - atleter“ Afreksíþróttamenn á heimsmælikvarða | Eru að mestu leyti íþróttamenn eða lið, sem hafa náð topp átta árangri á síðasta HM fullorðna eða ÓL. | 135 íþróttamenn frá 23 samböndum. |
| „Elite - atleter“ Afreksíþróttamenn | Eru að mestu leyti íþróttamenn eða lið sem hafa raunhæfa möguleika (í ljósi fyrri úrslita) til að ná topp átta árangri á næsta HM fullorðna eða ÓL á árunum 2013-2016. | 288 íþróttamenn frá 25 samböndum. |
| „Team Danmark - atleter T-DK íþróttmenn | Eru bæði ungmenni og fullorðins íþróttamenn sem eru hluti af Team Danmark styrktum hópum. | 554 íþróttamenn frá 25 samböndum. |

„Verdensklasse – atleter“ og Elite – atleter“ hafa beinan aðgang að fagþjónustu Team Danmark (fagteymi sem og lífeðlisfræðingum, sálfræðingum) og öllum öðrum þjónustubáttum (gagnvart námi og atvinnu, húsnæði og matarmálum, líkamsræktaraðstöðu o.fl.).

„Team Danmark – atleter“ hafa ekki aðgang að fagþjónustu Team Danmark en geta í flestum tilfellum nýtt sér önnur tilboð frá Team Danmark, s.s. gagnvart námi og atvinnu, húsnæði og matarmálum, líkamsræktaraðstöðu o.fl. Gildir það til eins árs í senn.



Til viðbótar við þessa flokkun og þjónustu er Team Danmark með verkefni sem snýr að hæfileikamótun á árunum 2013-2016. Er þar um að ræða afreksefni sem hafa virkilega möguleika á að ná árangri á fullorðinsmótum á hæsta stigi. Áætlað var að 20-30 afreksefni væru í verkefninu en það endaði í 52 afreksefnum og koma þau frá 19 sérsamböndum. Kostnaður við verkefnið er 10 m. danskar kr. eða um 200 m. íslenskar krónur og er það greitt með styrk frá dönsku fyrirtæki.



Heildartekjur Team Danmark voru hátt í 3 milljarðar íslenskar krónur á árinu 2014. Um 60% af því fjármagni kemur frá ríkinu, 15% frá danska íþróttasambandinu og aðrar tekjur (25%) eru í gegnum styrki og markaðsmál.

Langstærsti hluti gjaldaliða eru beinir styrkir til sérsambanda sem eru um 2 milljarðar króna og óbeinir styrkir til sérsambanda í formi þjónustu eru hátt í 800 m.kr., þar af um 100 m.kr. í fagteymismál og um 100 m.kr. í hæfileikamótun. Í rannsóknir setur Team Danmark hátt í 40 m.kr. vegna sérsambanda. (Hér er umreiknað í íslenskar krónur að ofan sem og í töflunni hér á eftir).

| | Beinn styrkur | Þjónusta | Alls |
|--------------------------------|---------------|-------------|-------------|
| Danska handknattleikssambandið | 195.766.250 | 21.642.500 | 217.408.750 |
| Danska badminton sambandið | 124.936.250 | 29.551.850 | 154.488.100 |
| Danska sundsambandið | 99.594.850 | 29.984.700 | 129.579.550 |
| Danska knattspyrnusambandið | 46.629.750 | 135.364.000 | 181.993.750 |
| Danska golfsambandið | 42.793.125 | 10.821.250 | 53.614.375 |
| Danska frjálsíþróttasambandið | 35.178.900 | 7.614.225 | 42.793.125 |



Ef við skoðum útgjöld hjá danska handknattleikssambandinu fyrir árið 2013 þá kemur þar fram að kostnaður vegna A liðs karla á árinu 2013 var 8.118.278,- danskar krónur eða lauslega áætlað um 160 m.kr. Á sama tíma var kostnaður vegna A kvenna um 120 m.kr., eða 6.498.865, danskar krónur. Heildarútgjöld til landsliðsmála hjá sambandinu voru um 20 milljónir danskra króna eða um 400 m.kr.

Ef við berum saman árið fyrir Ólympíuleikana í London, þ.e. 2011, þar sem liðin voru að undirbúa sig fyrir keppni og reyna að tryggja sér þátttökurétt á leikana þá voru heildarútgjöld danska handknattleikssambandsins vegna A-landsliðs karla eingöngu rúmar 6,5 mill. danskar krónur, eða um

145 mill. íslenskar krónur. Stærsti hluti þess kostnaðar er fjármagnaður af danska ríkinu í gegnum Team Danmark. Afrekssjóður ÍSÍ náði að styrkja HSÍ vegna A-landsliðs karla um 10 m.kr. auk þess sem að styrkur að upphæð rúmar 8 m.kr. fékkst frá Ólympíusamhjálpinni fyrir árið 2011.

| | Upphæð | Alls |
|--|---------------|-------------|
| Danska handknattleikssambandið | | |
| Heildarstyrkur frá DIF – 2013 | 140.000.000 | 341.600.000 |
| Heildarstyrkur frá Team Danmark 2013 | 201.600.000 | |
| | | |
| Kostnaður vegna A – liðs karla 2013 | 162.000.000 | 402.000.000 |
| Annar afrekskostnaður 2013 | 244.000.000 | |
| Heildartekjur 2013 | 1.163.000.000 | |
| | | |
| Handknattleikssamband Íslands | | |
| Afrekssjóður ÍSÍ vegna A karla – 2013 | 12.400.000 | 20.000.000 |
| Afrekssjóður ÍSÍ vegna annarra liða – 2013 | 7.600.000 | |
| Heildartekjur 2013 | 202.369.803 | |

Ofanverðar tölur er reiknaðar miðað við gengi danskrar krónu á 20 ISK.

Danska karlalandsliðið er með leikmenn í sömu liðum og leikmenn íslenska landsliðsins, þeir þurfa að ferðast styttri vegalengdir til að komast í verkefni hjá sambandinu og stærð æfingahópa er ekkert mikið stærri en hópar HSÍ. HSÍ fékk á árinu 2013 í heildina 20 m.kr í styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ (þar af 12,4 m.kr. vegna A landsliðs karla) samanborið við rúmar 221 m.kr. sem danska handknattleikssambandið fékk frá Team Danmark í þessi sömu verkefni.

Til að bera þessi sambönd enn betur saman þá iðka rúmlega 7.300 manns handknattleik á Íslandi og heildartekjur sambandsins eru um 200 m.kr. og fara um 100 m.kr. í landsliðsstarf. Hjá HSÍ starfa 3,5 til 4,5 starfsmenn miðað við undanfarin ár, þar með talinn landsliðsþjálfari karlalandsliðsins. Danska handknattleikssambandið (DHF) hefur rúmlega 108 þúsund iðkendur. Heildartekjur sambandsins eru um 1,1 milljarður íslenskar krónur og þar eru 50 starfsmenn auk landsliðsþjálfara fyrir landsliðin. DHF er með 4 starfsmenn sem eru eingöngu í landsliðsmálum eða afreksmálum til viðbótar við landsliðsþjálfara. Halda þessir aðilar utan um afreksstarfið ásamt því að skipuleggja og styðja umgjörðina. Þá eru 13 starfsmenn dreifðir um landið sem útbreiðslufulltrúar og styðja við starfið hjá félögunum.

Að sjálfsögðu hjálpar til hversu margir stunda íþróttina og það tekjuflæði sem er til staðar hjá danska sambandinu, en stór hluti tekna þeirra kemur í gegnum markaðsstarf. Það er samt ljóst að stuðningur þeirra við landsliðsstarfið er langtum meiri en HSÍ hefur tök á að bjóða íslensku handknattleiksfólki.

Fyrir ÓL 2012 fékk Danska handknattleikssambandið 145 m.kr. til að undirbúa karlalandsliðið til keppni á meðan HSÍ fékk 10 m.kr. frá Afrekssjóði ÍSÍ fyrir sama verkefni.



Afreksstarf til framtíðar?

Til að Ísland geti boðið íslensku íþróttafólki sambærilega aðstöðu og þjónustu og tíðkast í kringum okkur er þörf á miklum breytingum. Reynt hefur verið að lista upp margt af því sem er í boði hjá öðrum þjóðum en hafa ber í huga að ekki er alfarið hægt að heimfæra kerfi annarra þjóða yfir á íslenskt umhverfi. Hver þjóð er sérstök og horfa þarf til mjög margra þátta hvað varðar fyrirkomulag íþróttamála og stuðning við afreksíþróttastarf.

Til að hægt sé að átta sig betur á íslenskri þörf má skipta henni niður í nokkra flokka:

- Daglegt líf íþróttamanna, lýðréttindi og framfærsla.
- Afreksíþróttastarf sérsambanda.
- Grunnstyrkur til sérsambanda vegna landsliðsverkefna.
- Fagteymisþjónusta, afreksíþróttamiðstöð og rannsóknir.
- Ólympísk verkefni og þátttaka Íslands á leikum.

Með þessu er verið að telja til nokkra kostnaðarþætti eða áherslur en jafnframt mætti skoða aðstöðu vegna afreksíþróttá. Ekki er eingöngu nóg að byggja mannvirki ef að afreksíþróttafólk eða sérsambönd hafa ekki aðgang að mannvirkjunum fyrir æfingar og keppni. Í Hollandi reka heildarsamtök íþróttanna miðstöð sem heitir Papendal. Þar hefur afreksíþróttafólkið forgang og þó að einungis einn íþróttamaður í frjálsíþróttum þurfi að æfa í höllinni eða mannvirkinu þá er það ekki leigt út til annarra, heldur er íþróttamaðurinn í forgangi.

Tryggja þarf að sérsambönd geti leigt eða haft aðgang að aðstöðu fyrir sína hópa og sitt afreksstarf, en hvort það ætti að vera á höndum íþróttahreyfingarinnar, ríkis eða sveitarfélaga að fjármagna slíkt aðgengi er efni í aðra umræðu.

Daglegt líf íþróttamanna, lýðréttindi og framfærsla

Nauðsynlegt er að afreksíþróttamenn í fremstu röð geti einbeitt sér að æfingum og keppni samhliða því að njóta lágmarkstekna vegna framfærslu og nauðsynlegra útgjalda. Bakland afreksíþróttamanna er misjafnt og ekki hafa allir aðgang að öflugum fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja viðkomandi íþróttamenn vegna þessara þátta. Samhliða því þurfa afreksíþróttamenn að öðlast almenn lýðréttindi, greiða í lífeyrissjóði og hafa fullan aðgang að almannatryggingakerfinu. Það þarf að vera tryggt þótt að afreksíþróttamaðurinn þurfi íþróttarinnar vegna að dvelja í langan tíma erlendis á hverju ári.

Fjármagnspörf getur verið mismunandi milli íþróttamanna og íþróttagreina, sem og vegna fjölskyldustærðar, búsetu og annarra aðstæðna. Hvetja þarf til þess að ungir afreksíþróttamenn stundi nám samhliða sínum ferli og að þeir njóti þá sérstakra undanþága vegna þeirra krafna sem gerðar eru til umfangs náms í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Sveigjanleiki hvað varðar stundatöflu og fjarveru vegna æfinga- og keppnisferða erlendis þarf að vera fyrir hendi.

Tryggja þarf að þessir aðilar geti a.m.k. notið fullra námslána miðað við námsframvindu og að styrkir sem fara að öllu leyti í íþróttalegan kostnað séu ekki að koma til skerðingar á öðrum lánamöguleikum afreksíþróttamannsins. Jafnframt væri æskilegt að afreksíþróttamenn hafi aðgang að búsetumöguleikum á sérstökum kjörum þar sem nálægð við þjálfunarumhverfi sé fyrir hendi.

Þá þarf einnig að aðstoða afreksíþróttafólk sem ekki stundar nám við að fá atvinnu sem gefur þeim kost á sveigjanleika og einhverri fjarveru vegna æfinga- og keppni á hverju ári. Er um leið verið að opna leið fyrir afreksíþróttafólk til að hafa atvinnu að loknum íþróttuferli, en fyrirtæki og opinberir aðilar ættu að sjá hag í því að ráða „þekktu“ afreksíþróttamenn til að starfa á sínum vegum, en margt í fari íþróttamanna og þeirra daglega lífi nýtist í atvinnulífinu.


Þjóða þarf upp á beina styrki til íþróttamanna í formi mánaðarlegra „framfærslustyrkja“ þar sem íþróttamaðurinn hefur fullan ráðstöfunarrétt á tekjunum. Styrkurinn sem notaður er á mótum íþróttalegum kostnaði væri skattfrjálur en sá hluti sem fer í framfærslu væri meðhöndlaður á sama hátt og aðrar íslenskar launagreiðslur.

Hugsanlegt fyrirkomulag slíkra styrkja gæti verið að sérsambönd ÍSí fengju slíka styrki fyrir þá íþróttamann sem uppfylla ákveðin viðmið sem sett yrðu, sbr. núverandi reglur Afrekssjóðs ÍSí. Greiðslur færu beint til viðkomandi íþróttamanns og íþróttamaðurinn fengi ráðgjöf frá sínu sérsambandi eða ÍSí þegar kemur að gerð skattauppgjöra og skýrslugerðar.

Fjöldi afreksíþróttamanna

Til að við getum áttað okkur betur á fjölda afreksíþróttamanna á Íslandi er t.d. hægt að horfa til þess fjölda sem fer á Ólympíuleika og Ólympíumót fatlaðra, en það er óumdeilt að á slíkum viðburðum keppir aðeins íþróttafólk í fremstu röð í heiminum. Á Ólympíuleikum 2004 var Ísland með 26 keppendur, 27 keppendur í Peking 2008 og sama fjölda í London 2012. Á Ólympíumóti fatlaðra hafa verið fjórir til fimm íslenskir keppendur, á Vetrarólympíuleikum hafa síðustu ár verið fimm keppendur og á Vetrarólympíumóti fatlaðra tveir keppendur. Í tölunum vegna Ólympíuleika er karlalandslið Íslands í handknattleik að sjálfsögðu meðtalið, en ef horft er eingöngu til einstaklingsgreina væri fjöldin 23 keppendur, en hafa þarf í huga að til viðbótar voru margir fleiri að reyna að ná keppnisrétti á þessa viðburði og hafa þeir verið mjög nærri því að ná lágmarkum. Eins eru ekki allar íþróttagreinar hluti af Ólympíuleikum.

Raunhæft er því að miða við að a.m.k. 20 til 30 afreksíþróttamenn ættu að hafa aðgang að stuðningi vegna daglegs lífs í formi þeirra beinu styrkja sem fjallað er um hér að framan, en enn stærri hópur þyrfti að hafa aðgang að annarri aðstoð sem talin var upp þar á undan. Sá hópur ætti að telja úrvalshópa þeirra íþróttagreina sem hægt er að skilagreina sem afreksíþróttir á íslenskan mælikvarða, en einnig þau afreksefni sem blómstrað gætu í framtíðinni.



50 aðilar njóta einstaklingsstyrkja frá Afrekssjóði ÍSí í gegnum sín sérsambönd á árinu 2015. Þeir dreifast þannig niður á fæðingarár og er bæði um að ræða afrekfólks sem og afreksefni.



Afreksíþróttastarf sérsambanda

Samkvæmt skipulagi íþróttahreyfingarinnar fara sérsambönd með skilgreint hlutverk og er í lögum ÍSí sérstaklega tekið fram að hlutverk ólympískra sérsambanda sé að halda uppi virkri starfsemi á sviði íþróttagreinar sinnar heima fyrir og á alþjóðavettvangi, einkum með því að skipuleggja og taka þátt í keppni og sjá fyrir kerfisbundinni þjálfun íþróttamanna.

Til þessa þarf að styrkja innviði sérsambanda og tryggja að þau sérsambönd sem eiga íþróttafólk og lið á meðal þeirra fremstu í heimi geti boðið sínu íþróttafólki nauðsynlegan stuðning. Jafnframt þarf að gefa öðrum sérsamböndum möguleika á að halda úti virkri starfsemi á alþjóðavettvangi með þátttöku í stórmótum.

Í mörgum löndum eru sérsambönd flokkuð m.t.t. þess árangurs sem þau hafa náð á stórmótum undanfarinna ára. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að styrkja alla jafnt og að þörfin getur verið misjöfn á milli sambanda.

Á Íslandi eru 30 sérsambönd og eru þau mjög misjöfn. Íþróttasambönd í öðrum löndum hafa miklu fleiri sérsambönd til staðar en samt er eingöngu verið að styrkja lítinn fjölda þeirra með afreksstyrkjum á hverju ári. Íþróttahreyfingin á Íslandi þarf að velta upp þeirri spurningu upp við stjórnvöld, hvað samfélag eins og okkar hafi efni á mörgum íþróttagreinum á heimsmælikvarða og hversu marga íþróttamenn sé hægt að styrkja á ári hverju.



Ef horft er til þátttöku Íslands á Ólympíuleikum og Ólympíumóti fatlaðra, sem og öðrum ólympískum leikum og stórmótum þá eru sérsamböndin í rauninni ekki mörg sem eru reglulegir þátttakendur á þessum viðburðum. Þó sjáum við síðustu ár að í hópíþróttum hefur orðið töluverð breyting og það hefur vakið athygli erlendis hversu vel íslensk lið hafa staðið sig í alþjóðlegri keppni. Er það einsdæmi í heiminum að jafn fámenn þjóð og Ísland skuli eiga karlalandslið í lokakeppni stórmóts í körfuknattleik, handknattleik og knattspyrnu á sama ári.

Miðað við aðrar þjóðir mætti áætla að þriðjungur íslenskra sérsambanda gætu talist vera með afreksíþróttafólki á alþjóðlegum mælikvarða eða jafnvel heimsmeikvarða. Flest þessara sérsambanda hafa í dag ekki bolmagn til að sinna öllum þeim nauðsynlegu þáttum sem þau ættu að sjá um gagnvart þessu afreksíþróttafólki, og eru t.d. ekki að uppfylla kröfur annarra þjóða varðandi fagmennsku, skipulag og stjórnun, þótt einstaka íþróttamenn séu að ná frábærum árangri.

Til að standa nærri sambærilegum samböndum og landsliðum annarra þjóða mætti sjá fyrir sér að sérsamband eins og HSÍ þyrfti allt að 100 m.kr. á ári í sitt afreksstarf. Sérsambönd eins og SSÍ og FRÍ þyrftu án efa hátt í 50 m.kr. á ári og önnur afreksíþróttasambönd á bilinu 25 til 50 m.kr. á ári í sitt starf. Vissulega gætu öll þessi sambönd nýtt hærri upphæðir og komist af með lægri, en með þessu viðmiði er verið að horfa til umhverfis annarra landa sem og árangur á stórmótum undanfarinna ára.

Grunnstyrkur til sérsambanda vegna landsliðsverkefna

Það þarf jafnframt að tryggja að öll sérsambönd geti haldið úti lágmarksstarfi og stutt við bakið á núverandi landsliðsfólki sem og því efnilega íþróttafólki sem tilheyrir íþróttageininni víða um land.

Æskilegt væri að ákveðinn grunnstyrkur væri til úthlutunar til þeirra sérsambanda sem ekki ná að flokkast sem afreksíþróttasambönd. Sá styrkur væri til að aðstoða þau sambönd til að halda úti afreksstarfi og efla sitt afreksstarf og ná það langt að geta talist til afrekssérsambanda.

Þannig væri tryggt að landsliðsverkefni allra sérsambanda njóti styrkja og kostnaður sem fylgir því að keppa fyrir Íslands hönd falli ekki að mestu leiti á íslensk heimili eins og tíðkast í dag.

Fagteymisþjónusta, afreksíþróttamiðstöð og rannsóknir

Efla þarf aðgang afreksíþróttafólks að fagteymi, þ.e. læknum, sjúkraþjálfurum, íþróttasálfræðingum, íþróttanuddurum, næringarfræðingum, lífeðlisfræðingum og öðru sérhæfðu fagfólki sem getur aðstoðað afreksíþróttafólk við að bæta sinn árangur og forðast rangt álag og meiðsli.

ÍSÍ hefur lagt mikla áherslu á að hvert sérsamband efli sitt eigið fagteymi og að fagteymi ÍSÍ verði í raun samnefnari fagteyma sérsambanda. Í dag fær íþróttafólk sem nýtur styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ takmarkaða þjónustu frá fagteymi ÍSÍ. Þannig er úthlutað kvótum til hvers íþróttamanns sem er langt frá því að uppfylla þarfir afreksíþróttamanns í fremstu röð.

Efla þarf fagþjónustu s.s. mælingar og rannsóknir enn frekar í afreksíþróttastarfinu og tryggja að fylgst sé vel með líkamsástandi íþróttamanna og jafnframt að afreksíþróttamenn geti notið þjónustu fagaðila með skömmum fyrirvara þegar þörf þykir. Íþróttahreyfingin hefur lengi unnið að því að koma á fót afreks- og íþróttarannsóknamiðstöð þar sem haldið er utan um margvíslegar mælingar á íþróttafólki auk þess sem að stefnt er að því að veita þjónustu fagteymisaðila íþróttahreyfingarinnar. Í þessari skýrslu er ekki reiknað með kosnaði við rekstur og uppbyggingu slíkrar miðstöðvar..

Áætla má að fremstu afreksíþróttamenn Íslands þurfi vikulega þjónustu í formi íþróttanudds og fyrirbyggjandi sjúkraþjálfunar. Þá þurfa að vera reglulegar ástandsmælingar, heimsóknir til læknis, næringarráðgjöf og jafnvel skimun blóðs, en slíkt tíðkast hjá flestum löndum í kringum okkur. Lauslega má áætla að kostnaður vegna hvers einstaklings sé á bilinu 500 til 800 þús. á ári, að lágmarki.

Einnig þarf að efla fræðslu til afreksefna og gefa sérsamböndum möguleika á að efla enn frekar þennan þátt í afreksíþróttastarfinu.



Ólympísk verkefni og þátttaka Íslands á leikum

Á einni Ólympíuöðu (fjögurra ára tímabil) fara fram 11 Ólympísk verkefni eða leikar. Auk þeirra tekur Íþróttasamband fatlaðra þátt í Ólympíumóti fatlaðra og Vetrarólympíumót fatlaðra (Paralympic Games).

Undirbúningur vegna þessara verkefna hefst löngu áður en þeir fara fram og alltaf má velta upp hvað skuli teljast til kostnaðar vegna hvers verkefnis, því þátttaka er eitt og undirbúningur annað. Ef horft er til annarra landa sem við berum okkur saman við þá má sjá að undirbúningur þeirra hefst enn fyrir og heildarsamtökin (sambærileg við ÍSí) koma meira til móts við sérsambönd í undirbúningi verkefna. Fyrir Ólympíuleikana í Ríó verða þjóðir eins og Danir og Hollendingar með sína eigin afreksíþróttamiðstöð staðsetta í Ríó þar sem þjónusta fagteymis verður til staðar sem og fleiri þættir sem miða að því að hámarka árangur íþróttamanna á leikunum. Sú þjónusta er fyrir utan þann kvóta sem þjóðunum stendur til boða á leikunum á vegum mótshaldara og er alfarið greidd af heildarsamtökum viðkomandi lands.

Oftar en ekki taka íþróttamenn frá þessum þjóðum þátt í æfingamótum í viðkomandi borg til að undirbúa sig fyrir stórmótin. Er það bæði til þess að venja sig við aðstæður og loftslag sem og að vera enn betur undirbúin þegar kemur að viðkomandi stórmóti.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands þarf að hafa möguleika á sambærilegum úrræðum, hvort heldur á eigin vegum eða með því kaupa þjónustu frá öðrum þjóðum, ef markmiðið er að standa jafnfætis keppendum annarra landa.

Ef horft er til fjármagnsparfar er alveg ljóst að dýrustu árin er þau ár þegar Ólympíuleikar fara fram, en nauðsynlegt að stuðningur sé meiri á undirbúningsárum fyrir leika.

Kostnaður

Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2015 (kynnt í janúar 2015) var í heild kr. 122.310.000,- til sérsambanda ÍSÍ. Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig úthlutunin skiptist í upphæðir á sérsambönd og ef þessar tölur eru skoðaðar betur sést að þau fjögur sambönd sem hlutu hæstu styrki eru að fá rúmlega helming þeirrar upphæðar sem var til úthlutunar. Styrkur til þeirra sérsambanda sem hlutu 1,5 m.kr. eða lægri styrki voru í heild 10 m.kr. og má með réttu kalla styrkina grunnstyrki til þessara sambanda til að koma til móts við landsliðsverkefni. Þau tíu sérsambönd sem hljóta hæstu styrki sjóðsins eru í heild að hljóta um 100 m.kr. til verkefna sambandanna og fremstu íþróttamanna. Ekki eru styrkir vegna framfærslu í þessum tölum, enda ekki til fjármagn til að koma til móts við þá þörf.

Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ í janúar 2015

| Íþróttagrein | Sérsamband | ASJ 2015 | % | 50/50 | Grunnst. | Topp 10 | | |
|-------------------|------------|------------|-------|--------|-------------|------------|------------|------------|
| Handknattleikur | HSÍ | 25.000.000 | 20,44 | 51,99% | 112.310.000 | 99.830.000 | | |
| Körfknattleikur | KKÍ | 15.000.000 | 12,26 | | | | | |
| Sundíþróttir | SSÍ | 12.000.000 | 9,81 | | | | | |
| Frjálsíþróttir | FRÍ | 11.590.000 | 9,48 | | | | | |
| Íþróttir fatlaðra | ÍF | 8.020.000 | 6,56 | 48,01% | | | 10.000.000 | 22.480.000 |
| Knattspyrna | KSÍ | 8.000.000 | 6,54 | | | | | |
| Kraftlyftingar | KRA | 5.420.000 | 4,43 | | | | | |
| Skíðaiþróttir | SKÍ | 5.200.000 | 4,25 | | | | | |
| Fimleikar | FSÍ | 5.000.000 | 4,09 | | | | | |
| Golf | GSÍ | 4.600.000 | 3,76 | | | | | |
| Skotíþróttir | STÍ | 3.700.000 | 3,03 | | | | | |
| Júdó | JSÍ | 2.940.000 | 2,40 | | | | | |
| Skylmingar | SKY | 2.020.000 | 1,65 | | | | | |
| Taekwondó | TKÍ | 2.020.000 | 1,65 | | | | | |
| Badminton | BSÍ | 1.800.000 | 1,47 | | | | | |
| Hestaíþróttir | LH | 1.500.000 | 1,23 | 48,01% | 10.000.000 | 22.480.000 | | |
| Íshokkí | ÍHÍ | 1.400.000 | 1,14 | | | | | |
| Blak | BLÍ | 1.200.000 | 0,98 | | | | | |
| Dans | DSÍ | 1.100.000 | 0,90 | | | | | |
| Karate | KAÍ | 1.100.000 | 0,90 | | | | | |
| Keila | KLÍ | 900.000 | 0,74 | | | | | |
| Lyftingar | LSÍ | 700.000 | 0,57 | | | | | |
| Siglingar | SÍL | 500.000 | 0,41 | | | | | |
| Skautaiþróttir | ÍSS | 500.000 | 0,41 | | | | | |
| Borðtennis | BTÍ | 400.000 | 0,33 | | | | | |
| Tennis | TSÍ | 400.000 | 0,33 | | | | | |
| Bogfimi | BOG | 300.000 | 0,25 | 48,01% | 10.000.000 | 22.480.000 | | |

50/50 = Gefur til kynna hvar miðja úthlutunar liggur ef samböndum er raðað eftir styrkuppþæðum.

Grunnst. = Gefur til kynna hver heildaruppþæð sambanda er sem eru með 1,5 m.kr. í styrk eða lægra.

Topp 10 = Gefur til kynna hver heildaruppþæð er hjá þeim 10 sérsamböndum er hljóta hæstu styrki Afrekssjóðs ÍSÍ sbr. janúarúthlutun 2015.

Tryggja þarf að fjármagn sé veitt til nokkurra ára í senn til að hægt sé að skipuleggja með langtíamarkmið í huga. Það að sérsambönd og íþróttafólk viti hvað tekur við á næstu misserum leiðir af sér enn betri árangur, það hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á á undanförunum árum. Á það jafnt



við hvort heldur talað sé um afreksíþróttamenn, sérsambönd eða heildarsamtök íþróttastarfsins á Íslandi, ÍSí.

Til að átta sig enn betur á fjármagnspörf samanber þessa flokka hér að undan, (bls. 21), þá má áætla þörfina eftirfarandi:

| Flokkur | Fjöldi | Upphæð | Alls |
|---|------------|---------|------------------|
| Daglegt líf íþróttamanna, lýðréttindi og framfærsla | 30 manns | 3 m.kr. | 90 m.kr. |
| Afreksíþróttastarf sérsambanda | 10 sambönd | | 400 m.kr. |
| Grunnstyrkur til sérsambanda vegna landsliðsverkefna | 20 sambönd | | 60 m.kr. |
| Fagteymisþjónusta, afreksíþróttamiðstöð og rannsóknir | | | 50 m.kr. |
| Ólympísk verkefni og þátttaka Íslands á leikum | | | 50 m.kr. |
| Alls: | | | 650 m.kr. |

Í töflunni er verið að miða við þann fjölda íþróttamanna sem eru að taka þátt í stærstu verkefnunum, sveigjanleika í styrkjum til afreksíþróttastarfs sérsambanda sem að hluta til væri einnig notað í að greiða fyrir aðstöðu sem og grunnstyrk til sérsambanda. Fagteymisþjónusta þarf aukinn stuðning miðað við það sem tíðkast erlendis og auka þarf stuðning vegna ólympískra verkefna (en þeim fer fjölgandi). Önnur lönd eru að setja enn meiri fjármuni í undirbúning og aðstoð meðan á leikum stendur og er þess þörf til að ná verðlaunum á stórmótum.



Þetta er þannig áætluð fjárbörf til að færa afreksstarf á Íslandi í átt að því sem að gerist í nágrennalöndum okkar, þ.e. með þessu væri hægt að fara langt í að bjóða sambærilegt umhverfi fyrir íslenskt íþróttafólk og nágrennalönd okkar eru að bjóða í dag. Fyrsta skrefið ætti að vera að auka fjármagnið í þá tölu sem er hér að ofan, þannig að ÍSí geti úthlutað um 650 m.kr. á ári til afreksstarfs. Þá þyrfti að gera allt að fjögurra ára samning við sérsambönd og færa afreksstarfið inn á nýjar brautir

þar sem hægt er að sjá lengra fram í tímann og nýtt hverja krónu enn betur. Þessi fjárhæð er miðuð við núverandi umfang afreksstarfsins sem vonandi fer vaxandi þegar árin líða.

Til að setja upp raunhæfa áætlun má hugsa sér að stefnt sé að því að Afrekssjóður ÍSÍ hafi um 600 m.kr. til úthlutunar eftir riflega eina Ólympíuöðu, þ.e. fyrir Ólympíuleikana í Tókíó 2020. Raunþörf á þeim tíma er eflaust hærri vegna verðlagsbreytinga og aukins umfangs okkar afreksíþróttar. Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði rúmlega 120 m.kr. í upphafi ársins 2015 og má gera ráð fyrir að heildarúthlutun ársins verði nærri 130 m.kr., sem er sögulega hæsta úthlutun sjóðsins. Með hækkun upp í 600 m. kr., sem er um 500 m.kr. hækkun miðað við núverandi framlög til afreksíþróttar, væri farið nærri því að ná áætlaðri þörf og jafnframt væri hægt að uppfylla þær áherslur sem taldar voru upp hér á undan. Samhliða því þyrfti að ákveða forgangs röðun þeirra verkefna sem ráðast þarf í, þ.e. hvort að vinna eigi að öllum þáttum að einhverju leyti og hafa færri sambönd/einstaklinga í hverjum lið eða hvort að byrja eigi smátt með hvern og einn verkþátt og hækka viðkomandi styrki á hverju ári.

Til að setja úthlutun hins opinbera í samanburð við tölur frá öðrum þjóðum þá eru Norðmenn að setja um 0,20% af heildarúthlutun fjárlaga til íþróttastarfs og svipaða sögu má segja um Svía. Á Íslandi er talan 0,09% af fjárlögum en ætti eðli málsins samkvæmt að vera hlutfallslega mun hærri þar sem kostnaðurinn fylgir ekki höfðatölu. Við þurfum að skoða hver geta Íslands er í samanburði við önnur lönd til að styðja við afreksíþróttir og hvernig hægt sé að koma stuðningi við afreksíþróttastarf nær því sem tíðkast hjá nágrannalöndum okkar. Það ljóst að með markvissara og öflugra starfi má fjölga þeim sem flokkast sem afreksíþróttafólk á Íslandi. Það má vinna enn betur að hæfileikamótun sérsambanda og skapa þannig betri umgjörð og skilyrði fyrir okkar afreksefni og á sama tíma tryggja að þeir sem eru líklegir til afreka haldi áfram sínum ferli í stað þess að þurfa að hætta alltof snemma.

Í dag er Afrekssjóður ÍSÍ að styrkja alla þessa þætti sem taldir eru hér að ofan, sbr. úthlutun ársins 2015. Er það þó af veikum mætti og má segja að flestir styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ fara í kostnað við ferðalög vegna landsliðsverkefna erlendis eða þátttöku í erlendum keppnisferðum, en ekki til að efla umgjörð og langtímaundirbúning sérsambanda.

Það þarf að styðja meira við starf sérsambanda til framtíðar með það að markmiði að styðja og móta afreksmenn í íslensku samfélagi sem bera hróður lands og þjóðar erlendis og sameina þjóðina þegar sigrar vinnast á alþjóðlegum vettvangi og líka þegar við höfum stríðum stórveldunum eins og dæmin sanna. Þar þarf að huga að þjálfurum og þjálfun, mannvirkjum og aðstöðu, námi og lífsskilyrðum ásamt öllum þeim fjölmörgu þáttum sem tengjast íþróttastarfi á Íslandi eins og annarsstaðar í heiminum.

Þannig að.....

Ef Ísland ætlar sér að eignast afreksíþróttafólk sem stendur jafnfætis þeim bestu í heimi, fær stuðning á við það sem gerist best, möguleika á að æfa og keppa við bestu aðstæður, hafa þjálfara sem kunna sitt fag og eru á við þá best menntuðu hjá öðrum þjóðum og fá aðstoð frá háskólasamfélaginu þar sem rannsóknir og þróun eru nýttar til að hámarka íþróttalegan úrangur þá þarf að efla marga þætti, og sérstaklega auka það fjármagn sem veitt er til afreksíþróttar.

Samhliða þessu þarf íþróttafólkið að hafa tryggingu fyrir því að það geti helgað sig íþróttinni í einhver ár og stundað nám og/eða komið sér upp fjölskyldu og þak yfir höfuðið, þannig að áhyggjur af framtíðinni séu ekki að trufla ástundun og íþróttaleg markmið.



Heimildir og frekari upplýsingar

Heimasíða ÍSÍ

Á heimasíðu ÍSÍ má finna [lög ÍSÍ](#) þar sem fjallað er um hlutverk allra eininga íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, sem og [ársskýrslur ÍSÍ](#) þar sem úthlutun styrkja til sambandsaðila er skilgreind. [Afreksstefna ÍSÍ](#) sem og [Afreksstefnur sérsambanda](#) eru þar aðgengilegar. Upplýsingar um [úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ](#) hverju sinni má einnig finna á síðunni sem og starfsreglur [Afrekssjóðs ÍSÍ](#).

Heimasíða Mennta- og menningarmálaráðuneytis

Á síðunni má finna [stefnumótun ráðuneytisins í íþróttmálum](#) þar sem meðal annars er fjallað um keppnis- og afreksíþróttir.

Team Danmark

Á [heimasíðu Team Danmark](#) er að finna mikinn fróðleik um afreksíþróttastarf í Danmörku og samanburð við önnur lönd. Þannig má finna fjölmargar [skýrslur og rannsóknir](#) sem snúa að afreksíþróttafólki og umhverfi þeirra. Styrkjafyrirkomulag þeirra er útskýrt nánar í sérstöku [hefti](#) á vefnum. Nýjasta ársreikning Team Danmark má finna í [ársskýrslu](#) þeirra. Þar eru sundurliðanir á styrkjum til danskra sérsambanda. Eitt af stóru verkefnum Team Danmark hefur verið að vinna með sveitarfélögum og viðurkenna [afreksíþróttasveitarfélög](#), en þau er 21 talsins í Danmörku.

Lög um afreksíþróttir í Danmörku

Á heimasíðu ráðuneytis íþróttamála í Danmörku ([Kultur Ministeriet](#)) má finna fjölmargt um afreksíþróttir. Þannig eru þar skýrslur sem fjalla um afreksíþróttastarfið í Danmörku og eins [samanburður við önnur lönd](#) (2009). Árið 1984 voru sett [lög um Afreksíþróttir](#) í Danmörku sem voru svo endurskoðuð 2004.

Danmarks idrætsforbund (DIF)

[Danska íþróttasambandið](#) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar í Danmörku og er jafnframt Ólympíunefnd Danmerkur. Það er því margt líkt með starfsemi þeirra og ÍSÍ. Almennt séð sér Team Danmark um að styðja við afreksíþróttfólkið í Danmörku, en DIF sér um þátttöku í ólympískum verkefnum. Árið 2012 setti þó DIF í gang [verkefni](#) sem gefur þeim möguleika á að styrkja hæfileikamótun/afreksstarf þeirra sérsambanda sem eru á mörkum þess að njóta stuðning frá Team Danmark. Í ágúst 2015 kynntu DIF og Team Danmark fyrirætlun sína um að koma á fót Afreksíþróttamiðstöð í Danmörku. [Skýrsla og frekari upplýsingar](#) er aðgengilegar á heimasíðu þessara aðila.

IDAN

Danska stofnunin „[Idrættens Analyseinstitut](#)“ er ríkisrekin sjálfseignarstofnun sem vinnur að rannsóknum í tengslum við íþróttastarf. Á heimasíðu þeirra má finna [margar rannsóknir](#) sem snúa að afreksíþróttum.

Olympiatoppen

[Olympiatoppen](#) er afreksíþróttahluti Norska íþróttasambandsins, en norska sambandið er líkt og það danska og íslenska sameinað íþróttasamband og Ólympíunefnd. Á heimasíðu þeirra eru [upplýsingar](#) til þeirra íþróttamanna sem njóta styrkja frá sambandinu sem og annar fróðleikur um afreksíþróttir.

NOC*NSF, Íþróttá- og Ólympíusamband Hollands

Víða hefur verið tekið eftir því hversu vel Hollendingar hafa staðið sig á alþjóðavettvangi íþróttá á undanförunum árum. [NOC*NSF](#) eru heildarsamtök íþróttá í Hollandi og reka meðal annars glæsilega [afreksíþróttamiðstöð í Papendal](#) í Hollandi. [Afreksíþróttahluti](#) sambandsins sækir þekkingu þar sem hún er best hverju sinni og hafa Hollendingar verið öflugir við að ráða til sín erlenda sérfræðinga og sækja sérþekkingu víða um heim. Eitt af markmiðum þeirra er að verða meðal 10 bestu íþróttáþjóða heimsins fyrir árið 2016 og er mjög ítarleg [áætlun](#) í gangi vegna þessa.

Afreksíþróttastefna í Kanada

Ríkisstjórn Kanada hefur mótað [afreksíþróttastefnu](#) sem hefur það að markmiði sínu að ná verðlaunum á Ólympíuleikum og Ólympíumótum fatlaðra. Það sýnir mikilvægi þessara viðburða í íþróttalífi þjóðar sem margir líta til hvað varðar skipulag íþróttamála og árangur. Þar er í viðauka sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að veita afreksíþróttafólki beina fjárhagslega styrki til gefa þeim möguleika á góðum lífsskilyrðum, þjálfun og námi. Þegar stefnan er mótuð eru átta afreksíþróttamiðstöðvar staðsettar víðsvegar um landið og mikilvægi þeirra er lofað. Þess má geta að fyrsta miðstöðin þeirra varð til árið 1994 í tengslum við Ólympíuleikana í Calgary.

Afreksíþróttir á Nýja Sjálandi

Nýja Sjáland er einnig land þar sem árangur hefur verið frábær í samanburði við önnur lönd. Ítarleg afreksstefna var mótuð á sínum tíma sem náði yfir árin 2006-2012 og [núverandi stefna](#) liggur fyrir vegna 2013-2020. Var hún síðast endurskoðuð í mars 2015.

SPLISS

SPLISS er heiti á [rannsókn](#) eða í raun samstarfi fjölmargra aðilar sem tengjast afreksíþróttum um allan heim. Verið er að rannsaka hvaða þættir skipta mestu máli í afreksstarfi og stefnumótun afreksíþróttá og hófst rannsóknin árið 2008. Áhugavert er að skoða [samanburð á löndunum](#) á árunum 2011 og 2012 en frekari upplýsingar fá finna á [heimasíðu](#) þeirra.

Samtök breskra frjálsíþróttafélaga.

[Samtökin ABAC](#) eru félagasamtök breskra frjálsíþróttafélaga og er ætlað að gæta hagsmuni þeirra. Á heimasíðu þeirra er að finna [skýrslur](#) sem tengjast frjálsíþróttastarfinu og má m.a. benda á [skýrslu 9](#) sem fjallar um styrki til afreksíþróttafólks í undanfara Ólympíuleika 2012.



Danska handknattleikssambandið

Ef bera á saman íslensk sérsambönd við sérsambönd í kringum okkur er fróðlegt að skoða umfang [Danska handknattleikssambandsins](#). [Ársskýrsla](#) þeirra fyrir árið 2014 hefur að geyma fróðleik um rekstur sambandsins og styrki.

Danska frjálssíþróttasambandið

Eins má bera saman [Danska frjálssíþróttasambandið](#) við það íslenska. [Ársskýrsla](#) þeirra er einnig aðgengileg með fjárhagsupplýsingum á netinu.

Danska sundsambandið

[Dansk svømmeunion](#) er sundsamband Danmerkur. Á heimasíðu þeirra má finna [gögn frá síðasta ársþingi](#) þar sem ítarlega er fjallað um fjárhagsleg málefni íþróttarinnar.

Hróarskelda í Danmörku

Sveitarfélagið Roskilde í Danmörku er viðurkennt sem afreksíþróttasveitafélag (Elitekommune). Á [heimasíðu](#) þeirra er fjallað um möguleika ungmenna vegna náms sem og þá styrki og samninga sem eru fyrir hendi vegna afreksíþróttarinnar.

Nordic Elite Sport

Árið 2012 gaf [Universitetsforlaget](#) í Noregi út [bók](#) er fjallar um hið mismunandi umhverfi afreksíþróttarinnar í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Er þar verið að bera saman mismunandi kerfi og þróun afreksíþróttarinnar og samtaka þeirra í þessum löndum.

Tímaritið Sports Pro

Mánaðarlega kemur út tímarit sem heitir SportsPro og er gefið út af [SportsPro Media](#). Í [júní tölublaði ársins 2015](#) er m.a. fjallað um aðbúnað frjálssíþróttafólks í Englandi hvað varðar ferðir á stórmót. Í hverju blaði má finna fróðleik sem snýr að afreksíþróttum og því sem aðrar þjóðir eru að vinna að.

